

Mál nr. 125/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. apríl 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 23. maí 2022, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt hafi verið um umferðarslys og bílveltu á Vesturvör þann 20. nóvember 2020. Ummerki á vettvangi bentu til þess að bifreiðinni hefði verið ekið yfir rennustein og beint út af án þess vera beygt eða hemað. Hefði bifreiðin þannig flogið um 30 metra þar til hún endaði á hvolfi um 75 metra frá rennusteininum. M var sjáanlega slasaður eftir bílveltuna og var fluttur á slysadeild með sjúkrabifreið. Á slysstað var M ekki vel áttaður. Vitni að atvikinu báru öll um að bifreiðinni hefði verið ekið á miklum hraða eða um 120 – 150 km/klst. og farið nokkra leið í lausu lofti af kantinum áður en hún lenti og fór upp á malarhrúgu þar sem hún valt. Í framburðarskýrslu M kveðst hann ekki muna hvað gerðist en viðurkennir að hann hafi ekki átt að vera að keyra þennan dag þar sem honum hafði verið sagt að aka ekki bifreið í 6 mánuði frá því hann fékk flogakast í júlí.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis þar sem M hafi ekki verið heimilt að aka ökutæki þegar umrætt atvik átti sér stað. Vísar V til 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 90/2004. Með háttsemi sinni hafi M brotið gegn skráðum háttemisreglum umferðarlaga er hann ók ökutæki þvert gegn gildandi akstursbanni sem hann hafði verið settur í vegna veikinda sinna. M telur að hann eigi rétt til bóta, a.m.k. að hluta til og hafnar því alfarið að bótaréttur hans sé felldur niður að öllu leyti. M hafi verið á flogaveikilyfjum og þó honum hafi verið sagt að aka ekki í nokkra mánuði þá sé ekki hægt að leggja fyrirmæli lækni að jöfnu við varúðarreglur váttryggingarskilmála og umferðarlaga sem eiga við um t.d. neyslu áfengis- og fíkniefna. M hafi verið allsgáður og telur í besta falli að hann hafi sýnt af sér einfalt gáleysi.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins lýtur ágreiningur þessi að því hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga séu uppfyllt. Samkvæmt þeirri lagagrein má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggingafélagsins hafi váttryggður í slysáttryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. V ber sönnunarbyrðina um að það teljist til stórkostlegs gáleysis M að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn eftir að hafa fengið fyrirmæli frá lækni um að aka ekki bifreið og að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og slyssins. Í málinu liggur fyrir læknisvottorð frá taugalækni þar sem fram kemur að M hafi verið í akstursbanni er slysið átti sér stað. Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 24. nóvember 2020 viðurkennir M að hafa ekki mátt aka þennan dag og að hann hafi þrátt fyrir það ákveðið að aka bifreiðinni. Af gögnum málsins og þá sérstaklega niðurstöðu tæknideildar lögreglu og frásögn M sjálfs verður ráðið að veikindi M séu orsök slyssins. Þannig eru bein orsakatengsl milli þeirrar háttsemi M að aka bifreiðinni í umrætt sinn þrátt fyrir að akstursbann og slyssins. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann m.a. vegna veikinda er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Gegn þessu braut M. Með vísan til atvika allra og 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga er V heimilt að fella niður bótarétt M úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda að fullu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir